



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli
Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2023

Sent á samráðsgátt

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 og lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) hafa tekið til umsagnar ofangreint frumvarp sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 15. mars sl. Rétt er að gera athugasemdir við stuttan umsagnarfrest sem var sjö dagar. Í 2. mgr. 9. gr. samþykktar ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og stjórnartillagna, sbr. 10. gr. reglna um starfshætti ríkisstjórnar segir:

„Drög að lagafrumvörpum skulu kynnt almenningi og hagsmunaaðilum í opnu samráði og kostur gefinn á umsögnum og ábendingum. Þetta á þó ekki við ef sérstök rök mæla gegn slíkri birtingu, svo sem ef mál er sérlega brýnt. Hæfilegur frestur skal gefinn til athugasemda, að minnsta kosti tvær vikur.“

Umsagnarfrestur hefði þannig átt að vera a.m.k. til 29. mars.

Frumvarpið hefur að geyma breytingar á lögum um virðisaukaskatt (vskl.) sem margar eru nauðsynlegar og skiljanlegar enda er eðlilegt að Ríkisskattstjóri hafi ákveðin úrræði til að tryggja að markmiðum laganna sé náð. Hins vegar er mikilvægt að meðalhófs sé gætt þegar teknar eru ákvarðanir um auknar eftirlitsheimildir stjórnvalda. Þannig er ekki nóg að auknar eftirlitsheimildir þjóni því markmiði sem stefnt er að heldur verður að vera ómögulegt að ná því markmiði með öðrum vægari leiðum. Í 1. og 2. mgr. 27. gr. A vskl. má finna ákvæði sem eru að miklu leyti samsvarandi þeim sem eru í frumvarpinu en ráðuneytið hefur talið ástæðu til að herða á reglunum. Að mati SA er hins vegar ekki nægilega rökstutt í frumvarpinu hvers vegna núverandi reglur duga ekki til að ná því markmiði sem að er stefnt.

Í c. lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að á eftir 7. mgr. 5. gr. vskl. komi þrjár nýjar málsgreinar. Sú fyrsta lýtur að heimild ríkisskattstjóra til að úrskurða aðila af virðisaukaskattsskrá hafi hann ekki orðið við ítrekaðri beiðni ríkisskattstjóra um gögn og upplýsingar um skattskyldan rekstur sinn. Í ljósi mikilvægis þess að lagaákvæði er kveða á um skattskyldu séu skýr og



Ótvíræð verður að útskýra þetta ákvæði betur. Þannig er að mati SA verulega óljóst hvað felst í „ítrekaðri beiðni,“ enda getur það orðalag falið í sér einstaka áréttingu eða margar. Þannig gæti það átt við um einstaka handvömm lögaðila eða gagngeran ásetning um að afhenda ekki upplýsingar.

SA gera ekki athugasemdir við framlengingu heimildar til skattfrjálsrar ráðstöfunar á viðbótariðgjaldi til séreignarsparnaðar inn á höfuðstól lána.

Loks fagna SA því að ráðuneytið hafi gert tilraun til þess að meta efnahagsleg áhrif frumvarpsins, sbr. kafli 6.2.5 en samtökin hafa lengi kallað eftir því að við lagasetningu sé lagt mat á áhrif hennar á atvinnulífið.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir